

kvæmt liðum nr. 1, 5 og 6 hafa ekki orðið stefnanda að neinum notum, þar sem raflögn var breytt á ný til sama horfs og áður og skilrúm rífið. Þá ber enn fremur að taka til greina kr. 127.00 af lið nr. 7.

Kostnaður samkvæmt liðum nr. 2, 3, 4 og 7 þykja ekki þess eðlis, að stefnda verði gert að greiða fyrir þá bætur.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.000.00 plús kr. 6.447.55 plús kr. 8.152.00 plús kr. 3.190.50 plús kr. 127.00, eða samtals kr. 37.663.05 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1969 til greiðsludags.

Eins og málalok verða, dæmist stefndi til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 9.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Radióbúðin, greiði stefnanda, Kaupfélagi verkamanna, Akureyri, kr. 37.663.05 með 8% ársvöxtum frá 1. júní 1969 til greiðsludags og kr. 9.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1972.

Nr. 7/1972. **Valdstjórnin**
 gegn
 Jóhannesi Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Réttur gæzlufanga til lestrar dagblaða og aðgangs að útvarpi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hina kærðu úrskurði.

Með kæru 10. janúar 1972, sem barst Hæstarétti 20. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar, sem

kveðinn var upp hinn 8. janúar 1972, en með úrskurði þessum var varnaraðilja gert að sæta gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæzluvarðhaldstíminn verði stórlega stytur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Greinargerð hefur borizt frá réttargæzlumanni varnaraðilja.

Varnaraðili hefur enn fremur hinn 13. janúar 1972 skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Hafnarfjarðar, sem kveðinn var upp hinn 12. janúar 1972, en ályktarorð úrskurðarins eru svohljóðandi: „Gæzlufanganum, Jóhannesi Ólafssyni, er fyrst um sinn óheimilt að fá dagblöð til lestrar né að hafa aðgang að fjölmiðlunartækjum. Heimilt skal honum að fá bækur til lestrar, þó í samráði við fangelsisstjóra“.

Skjöl þessa kærumáls bárust Hæstarétti hinn 28. janúar 1972. Ekki barst greinargerð frá réttargæzlumanni varnaraðilja.

Framangreindir úrskurðir voru kærðir innan lögmæltis kærufrests, en réttargæzlumaður varnaraðilja fékk vitneskju um fyrri úrskurðinn hinn 10. janúar 1972.

Hæstarétti hafa borizt athugasemdir héraðsdómara.

Samkvæmt ákæru, dags. 31. ágúst 1971, er varnaraðilja gefið að sök „að hafa stolið eftirgreindum bifreiðum og ekið þeim undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bráðabirgðasviptingu:

1. Mánudagskvöldið 10. maí 1971, bifreiðinni G 1041 á bifreiðastæði við Strandgötu í Hafnarfirði og ekið bifreiðinni hring um Strandgötu, Fjarðargötu og Lækjargötu og á sama bifreiðastæði, og aka þar þá á ljósastaur og á kyrrstæða bifreið, R 24557, þannig að báðar bifreiðarnar skemmdust.
2. Fimmtudagskvöldið 20. maí 1971, bifreiðinni Y 1080 á bifreiðasölu við Stjörnuþétt í Reykjavík og ekið bifreiðinni til Hafnarfjarðar, unz bifreiðin varð benzínlaus á Fjarðargötu, þar sem ákærði yfirgaf hana.
3. Aðfaranótt miðvikudagsins 14. júlí 1971, bifreiðinni R 24873 við bifreiðasölu í Höfðatúni 10, Reykjavík, og

ekið bifreiðinni um borgina og að mótum Bólstaðarhliðar og Lönguhliðar.

4. Aðfaranótt þriðjudagsins 20. júlí 1971, þremur bifreiðum, fyrst bifreiðinni R 2676 við bifreiðastæði við Trönuhraun í Hafnarfirði og ekið henni á Reykjavíkurveg við benzínsölu Esso, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina. Ákærði stal tjaldi úr bifreið þessari og hafði á brott með sér. Skömmu síðar stolið bifreiðinni G 784 við húsið Sléttuhraun 29 og ekið henni, unz ákærði yfirgaf bifreiðina í Hrafnhólum, Garðahreppi. Loks þá sömu nótt stolið bifreiðinni L 597 við Álfaskeið 102 og ekið henni um bæinn, unz lögreglumenn stöðvuðu ákærða í akstri við Frost h.f.
5. Fimmtudagskvöldið 22. júlí 1971, bifreiðinni G 2252 við húsið Hraunkamb 10 og ekið henni um bæinn, unz ákærði yfirgaf bifreiðina við Stebbabúð, Arnarhrauni.

Teljast brot þau, sem að framan greinir, varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, brot það, sem í 4. tölulið greinir, einnig við 244. gr. almennra hegningarlaga og brot það, sem í 1. tölulið greinir, einnig við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

II. Aðfaranótt fimmtudagsins 15. júlí 1971 að láta Ólaf Skagvík, leigubifreiðarstjóra á bifreiðinni R 1021, aka með sig og tvo aðra farþega frá Reykjavík til Hafnarfjarðar án þess að greiða aksturskostnaðinn, en ákærði yfirgaf leigubifreiðina á Strandgötu í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og skaðabótagreiðslu og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Vegna þessara brota var varnaraðili hinn 14. ágúst 1971 úrskurðaður í gæzluvarðhald allt að 45 dögum, en síðar

látinn laus úr gæzluvarðhaldi, eins og getur í hinum kærða úrskurði frá 8. janúar 1972.

Auk framangreindra brota er varnaraðilja gefið að sök að hafa framið brot þau, er greinir í síðastnefndum úrskurði frá 8. janúar 1972.

Þegar virt eru þau brot, sem varnaraðilja eru gefin að sök, og litið er til hegðunar hans, eftir að hann var látinn laus úr gæzluvarðhaldi, þykir rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð um gæzluvarðhald frá 8. janúar 1972 að niðurstöðu til, sbr. 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Þar sem gæzluvarðhaldsvist varnaraðilja er eingöngu byggð á 5. tl. 67. gr. áðurnefndra laga og ætla má, að nú sé rannsókn í máli hans að mestu lokið, þykir nú mega fella hinn kærða úrskurð frá 12. janúar 1972 úr gildi frá uppsögu dóms þessa að telja.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður frá 8. janúar 1972 á að vera óraskaður.

Hinn kærði úrskurður frá 12. janúar 1972 er úr gildi felldur frá uppsögu dóms þessa.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 8. janúar 1972.

Þann 13. ágúst s.l. var kærði, Jóhannes Ólafsson, úrskurðaður til að hlíta 45 daga gæzluvarðhaldi vegna meintra síendurtekkinna bíljófnæða og ölvunaraksturs o. fl., en ætla mátti, að hann héldi áfram brotastarfsemi, væri hann laus, meðan mál út af brotum þessum væri ólokið. Var hann á tímabilinu látinn sæta geðrannsókn. 26. september s.l. var rannsókn málsins að mestu lokið. Þingfesting þess hafði þá farið fram og kærði tekið við birtingu ákæru og gengist undir geðrannsókn. Fyrirsjáanlegt var, að nokkur dráttur yrði á því, að niðurstöður geðrannsóknar lægju fyrir í málinu, sem að öðru leyti var á lokastigi, og ekki rétt að láta kærða vera í gæzluvarðhaldi um ófyrirsjáanlegan tíma vegna þess. Hann

var því leystur úr gæzluvarðhaldi, og tók faðir hans hann í sína forsjá. Laust eftir áramót barst niðurstaða geðrannsóknarinnar.

Svo sem ljóst er af framlögðum lögregluskýrslum og framburði kærða, er hann uppvís að 2 bílþjófnum 7. janúar s.l., grunaður um líkamsárás 30. október 1971. Þá er hann og sakaður um að hafa rænt konu veski 2. desember s.l. og falsað tékkávísanir, sem í því voru. Með því að þessi síðasttöldu mál eru enn eigi nægjanlega rannsökuð og ætla má, að kærði kunni að torvela rannsókn og halda áfram brotastarfsemi, ef hann er látinn vera laus, meðan málunum er ólokið, þykir samkvæmt heimild í 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 82/1961 bera nauðsyn til að úrskurða kærða, Jóhannes Ólafsson, til að hlíta allt að 60 daga gæzluvarðhaldi.

Því úrskurðast:

Kærði, Jóhannes Ólafsson, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Úrskurði þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 12. janúar 1972.

Þann 9. janúar s.l. var Jóhannes Ólafsson, Álfaskeiði 80, Hafnarfirði, úrskurdaður til að hlíta allt að 60 daga gæzluvarðhalds-vist vegna meintra ýmissa refsilagabrota, og er mál út af sumum þeirra á byrjunarstigi rannsóknar. Gæzlufanginn hefur krafizt þess, að honum verði heimilað að fá dagblöð til lestrar.

Réttargæzlumaður gæzlufangans, hæstaréttarlögmaður Guðjón Steingrímsson, gerir og fyrir hann kröfu til þessa, sbr. dskj. nr. 7. Viðtekin regla er, að gæzlufangar fái ekki dagblöð til lestrar, sér í lagi meðan mál þeirra er á rannsóknarstigi. Tilgangurinn með gæzluvarðhaldi er m. a. að hindra, að sökunautur geti haft samband við vitni eða samseka eða eftir atvikum þau eða þeir við hann og á annan hátt að koma í veg fyrir, að sökunautur torveldi rannsókn með athöfnum sínum. Hann er því hafður í sem mestri einangrun, meðan rannsókn stendur yfir. Í dagblöðum og öðrum fréttablöðum er iðulega fjallað um og skýrt frá nýfrömdum afbrotum, og þá jafnvel þeim, sem verið er að rannsaka og sem sökunautur er í gæzluvarðhaldi vegna gruns um að hafa framið. Verður þá að telja óheppilegt og til torveldunar á rannsókn, ef sökunautur fær þannig með aðstoð fjölmiðla upp-lýsingar um gang málsins, framburð vitna, viðtöl við hugsanleg

vitni eða samseka. Þá verður að ætla, að fyrir tilstilli dagblaða sé unnt að koma skilaboðum o. fl. til gæzlufanga. Allt kynnir þetta að stuðla að því, að gæzluvarðhald kæmi ekki að því gagni, sem stefnt er að. Verður því að teljast nauðsynlegt, í öllum tilvikum, þar sem gæzluvarðhaldi er beitt til að auðvelda rannsókn máls, að gæzlufangi hafi ekki aðgang að dagblöðum né öðrum fjölmiðlum, enda vart hugsanlegt, að unnt sé að sjá fyrirfram afleiðingar þess í hverju einstöku máli og frávik fallin til að valda erfiðleikum við að halda reglu í varðhaldi.

Kærði, Jóhannes Ólafsson, er að nokkru í gæzluvarðhaldi vegna þess, að mál hans er á frumstigi rannsóknar, og þykir því að svo stöddu ekki tök á því, að hann hafi aðgang að dagblöðum og fjölmiðlum, sbr. 70. gr. laga nr. 82/1961 og III. kafla reglugerðar nr. 260/1957. Hins vegar verður það ekki talið skaða rannsókn, þó að sökunautur fáið við venjulegan bóklestur, og er gæzlufanganum það heimilt svo og lestur þeirra bóka, sem greinir um í 17. gr. reglugerðar nr. 260/1957.

Ályktunarorð:

Gæzlufanganum, Jóhannesi Ólafssyni, er fyrst um sinn óheimilt að fá dagblöð til lestrar né að hafa aðgang að fjölmiðlunartækjum. Heimilt skal honum að fá bækur til lestrar, þó í samráði við fangelsisstjóra.
